

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um við- 115
komu strandferðaskipsins hjá Dyrhólaey. 24. ágúst

Í brjefi, dags. 1. júní þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því, að sýslunefndin í Vesturskaftafellssýslu hafi á síðasta aðalfundi sínum skorað á stjórnarráðið að hlutast til um, að strandferðaskipið »Hólar« verði látið koma við hjá Dyrhólaey, þegar veður leyfir ekki að koma í Vík, og að sýslunefndin bjóðist til að kosta merki þau og bendingarfæri á landi, er í þessu efni kunni að vera nauðsynleg.

Eftir að stjórnarráðið útaf þessu hafði ritað stjórn hins Sameinaða gufuskipafjelags, hefir því frá henni borist brjef það, sem hjermeð fylgir í eftirriti, og telur stjórn fjelagsins sig þar fúsa til að láta strandferðaskipið koma við hjá Dyrhólaey, eftir nánari ákvörðun skipstjórans í hvert sinn er eigi verður komið við í Vík fyrir veðurs sakir, með því skilyrði, að hin umræddu leiðarmerki og bendingarfæri sjeu sett upp.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana að því er leiðarmerkin og bendingarfærin snertir, og ber yður, er þau eru komin upp, að senda hingað skýrslu um það og um það hvernig þeim er háttað.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um endur- 116
veiting hlunninda handa sparisjóði Arnessýslu. 24. ágúst

Samkvæmt beiðni yðar, herra sýslumaður, vill stjórnarráðið hjermeð veita sparisjóði Árnassýslu um næstu fimm ár, frá 1. sept. þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðunum um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju eftirrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á skipun nokk- 117
urra prestakalla í Húnavatnsprófastsdæmi samkvæmt lögum 29. ágúst
16. nóvbr. 1907 nr. 45, m. m.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 22. þ. m., hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar samþykkt sameining Holtastaðarsóknar við hið forna Bergstaðaprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi, og sömuleiðis sameining

117 Höskuldsstaðaprestakalls og Hofsprestakalls í sama prófastsdæmi. Jafnframt felst 29. ágúst stjórnarráðið á það, að sóknarpresturinn í Bergstaðaprestakalli síra D. K. Ludvig Knudsen og sóknarpresturinn í Höskuldsstaðaprestakalli síra Jón Pálsson njóti frá fardögum síðastliðnum launa eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

118 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um 31. ágúst breytingu á ákvæðunum um skiftingu Rauðasandshrepps.

Með brjefi, dags. 14. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Patrekshreppi og Rauðasandshreppi um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í brjefi stjórnarráðsins, dags. 20. apríl f. á., um skiftingu hins forna Rauðasandshrepps í hina tvo nefndu hreppa, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að umrædd breyting verði gerð.

Útaf þessu er hjermeð samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905 gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu brjefi stjórnarráðsins undir 3. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að alþýðustyrktarsjóði hins forna Rauðasandshrepps skuli skift jafnt milli hinna nýju hreppa og að þeim íbúum hins forna Rauðasandshrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstýrk áður en honum var skift, en síðar verða styrkspurfar, skuli framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, er þeir áttu heimilisfang í, þegar skiftin fóru fram.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

119 Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um skilning á 14. okt. lögum um farandsala og umboðssala frá 22. nóvbr. 1907.

Í brjefi, dags. 2. júní þ. á., hafa kaupmenn þeir hjer í bænum, sem vín-söluleyfi hafa, kært það, að þjer, herra bæjarfógeti, hinn 30. maí þ. á. hafið selt L. J. Petersen frá Kaupmannahöfn leyfisbrjef sem farandsala fyrir þrjú vínsöluhús þar og álita þeir, að með þessu sje brotinn rjettur á sjer og byggja það á ákvæðum laga um verslun og veitingu áfengra drykkja 11. nóvbr. 1899. Þjer hafið aftur á móti í brjefi, dags. 11. júní þ. á., haldið því fram, að yður hafi eigi verið heimilt að synja honum um leyfisbrjefið, með því að lög um farandsala og umboðssala 22. nóvbr. f. á. gefi ekkert tilefni til að gera neinn greinarmun eftir því, hverjar vörutegundir sjeu hafðar á boðstólum og jafnvel eigi til að rannsaka,